



E-4 Ljósleiðari Borgarbyggðar

**VERKFUNDARGERÐ**


Verkheiti Lagning ljósleiðara í Borgarbyggð		Verkkaupi Borgarbyggð		Verknúmer
Fundarefní <b>Verkfundur</b>		Fundarstaður Ráðhús Borgarbyggðar		Nr. fundar #2
Fundarboðari Guðmundur Danielsson	Fundarritari Guðmundur Danielsson	Fundardags. 28/08/2019	Fundartimi 9:30	Dags. Fundarg. 28/08/2019
Fundarmenn Börkur Brynjarsdóttir (BB) Guðmundur Danielsson (GD) Gunnlaugur A. Júlíusson (GJ) Sigurjón Hallvarðsson (SH) Skarphéðinn Hilbert Ingason (SI) Sævar Geir Hallvarðsson (SGH) Ragnar Frank(RF)		Fyrirtæki SH- Leiðarinn ehf Borgarbyggð Borgarbyggð SH-Leiðarinn ehf Heflun ehf SH-Leiðarinn ehf Borgarbyggð		
Fjarverandi Ragnar yfиргaf fund um 10:30		Fyrirtæki		
Dreifing Fundarmenn				
Dagskrá Fundar Skv fundarboði		Dagsetning næsta fundar 4/09-2019		Tími næsta fundar 9:30
Staða fundargerðar <input type="checkbox"/> Í vinnslu <input type="checkbox"/> Drög til yfirlestrar <input checked="" type="checkbox"/> Lokið				

Nr.	Dagskrárlíðir	Ábyrgð / ags.
1.	<b>Undirritun verkfundargerðar undangengins verkfundar</b> Yfirlestur og undirritun fundargerðar fór fram. SI stakk upp á að samþykkt fundargerð yrði send fundarmönnum til yfirlestrar föstudag fyrir verfund. Samþykkt af fundarmönnum.	
2.	<b>Útistandandi mál frá síðasta verkfundi</b> Umræður urðu um birtingu verkfundargerða og innihald þeirra. Vísaði GJ m.a. til sambærilegra mála innan stjórnsýslunnar og sagði jafnframt að birting upplýsinga tæki stöðugum breytingum jafnhliða auknum kröfum og óskum um gegnsæi stjórnsýslunnar. Í útboðsgögnum og lögum væri það tilgreint sem teldist til trúnaðarmála og slikar upplýsingar verða ekki birtar. SI óskaði eftir að fá skrá með GPS gögnum í stað landfræðilegra mynda. SI gerði grein fyrir þeir gagnagrunni sem hann hefur þróað og komið sér upp sem sýnir m.a. legu lagna annarra (svo fremi að þær séu aðgengilegar) og fleiri nytsamlegar upplýsingar. Með því að leggja hannaðar lagnaleiðir ofan á fyrr nefndan grunn fengist góð heildarmynd af hönnunargögnum fyrir verktaka. SH og SGH könnuðust við þessa aðferðarfraði í fyrra verki og leyst vel á. GD sendir grunn til SI og BB. GD fór yfir atriði 15 frá síðasta verkfundi og útskýrði ákvörðun verkkaupa um að greiðslufyrirkomulag yrði skv. útboðsgögnum, þ.e. að greitt yrði eftir verklok hvers verkáfanga. GD fór yfir lista yfir tengiliði innan verkefnisins í samræmi við lið 28 frá síðasta fundi. Bætt var við upplýsingum á listann á fundinum.	GD



## E-4 Ljósleiðari Borgarbyggðar

3.	<b>Framgangur við þá áfanga sem unnið er við</b> Verktaki hefur fengið hönnunargögn er snúa að áfanga 5 í hendur. Farið var yfir lagnaleiðir í áfanganum og helstu atriði skoðuð. Verktaki hefst handa við vinnu í áfanganum á næstu dögum.	
4.	<b>Næstu skref og áfangar</b> Áfanga 2 og 3 eru næstir á dagskrá skv. verkáætlun verktaka. Farið var lauslega yfir lagnaleiðir og stöðu mála í þessum áföngum. Tölувert magn af rörum er nú þegar komið í jörd, eins og fram kom á upphafsfundi verksins og ákveða þarf hvernig framhald vinnu við þessa áfanga verður háttáð. GD spurðist fyrir um það hvort að áhgi verktaka stæði til þess að taka við verkinu á þeim stað sem það væristatt í þessum áföngum. Fundarmenn sammála um að það væri heppilegra heldur en að margir verktakar væru að vinna að málum samtímis. Ákveðið var að fara vettvangsferð um svæðið, helst á föstudag ef þeir sem best þekkja til komast. Ef ekki á föstudag þá sem fyrst. Leitast verður við að þeir sem komu að lagningu á rörum á þessu svæði verði okkur innan handar og geri grein fyrir því sem lokið er og því sem er eftir og að ná megi utan um umfangið. GD boðar til fundar um málið þegar sampykki fyrir tímasetningu liggur fyrir.	GD
5.	<b>Önnur mál er varða efni fundarins</b> Efni sem verkkaupi útvegar. SI spurðist fyrir um samtengi og ósamræmi í orðalagi útboðsgagna. Fundarmenn skoðuðu útboðsgögn og verklýsingu. Þar kemur fram hvaða efni verkkaupi útvegar til verksins og er sá listi tæmandi. T.d. eru samtengi röra ekki þar á meðal. Einnig spurðist SI fyrir um hversu langt bæri að ganga í að merkja upp rörakefli til þess að uppfylla upplýsingaskildu varðandi efni sem til væri á lager. GD svaraði því til að hvað rörakefli varðar þyrfti ekki að merkja þau upp. Það sem mestu máli skipti væri að á skrá, sem héldi utan um efni á lager, kæmi fram það magn af rörum sem til væru hverju sinni á lager og hvar þau væru staðasett. Öðru máli gegndi um t.d. strengkefli enda mikilvægt að vitað sér hverju sinni hversu mikið er til af streng á hverju kefli. Því væri eðlilegt að þau væru merkt. Megin tilgangur með lagerskrá væri að verkkaupi og verktaki hefði, á hverjum tíma yfirlit og yfirsýn yfir það efnis sem væri á lager. Þessa skrá þarf að uppfæra með skipulögðum hætti og viðhalda frá degi til dags.	
6.	Fleira ekki rætt.	

  
Sampykki verktaka

  
Sampykki verkkapa

  
ST

  
SYH